

Sáning trjáfræs

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að auðvelda nemendum að skilja hvernig endurnýjun plantna á sér stað í náttúrunni, frá fræi til plöntu, og kynnst hvað þættir hafa áhrif á útkomuna, s.s. jarðvegur, vatn, hiti og sól. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Samþætting, stærðfræði, náttúrufræði, lífsleikni.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Sá má fræjunum beint út á völdum stöðum á skólalóð eða í grenndarskógi þar sem hægt er að fylgjast með framvindunni. Einnig má sá í bakka, potta, plastpoka, fernur eða sáðkassa inni eða úti eða í samvinnu við garðyrkjubændur í grenndinni. Best er að nota fræ sem nemendur sjálfir hafa aflað um haustið og varðveitt á mismunandi hátt yfir veturinn eftir því hvers konar fræ á í hlut. Sumt fræ getur þurft að kaldörva til að bæta spírunarárangur. Með því að sá í potta inni snemma vors í eða nálægt skólanum gefst kostur á að fylgjast með spírun fræsins og fylgjast með plöntunum vaxa og dafna þar til skóla lýkur að sumri. Hægt er að gefa stutta skýrslu vikulega um stærð og útlit plantnanna og fylgjast þannig með þroskaferlinu.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Gott er að hafa meðferðis þegar unnið að söfnun trjáfræs með nemendum, sjá lýsingu á verkefnum „Fræsöfnun lauftrjáa“ og „Fræsöfnun barrtré“.

Plöntubakkar, pottar, plöntupokar, sáðkassi, sáðmold, fræ og vatn.